



Fjölbrautaskóli Suðurlands

Véltrésmíði

VTSH2NV05

Kennsluáætlun – vorönn 2018

Kennari/ar: Óskar G. Jónsson

Skammstöfun: ÓGJ

Áfangalýsing:

Í áfanganum læra nemendur grunnatriði í véltrésmíði, notkun hand- og loftverkfæra. Fjallað er um algengustu trésmíðavélar, rafmagns- og lofthandverkfæri sem notuð eru í tré- og byggingariðnaði, meðferð þeirra og viðhald. Farið er yfir helstu notkunarmöguleika einstakra véla og tækja, stillingar, fyrirbyggjandi viðhald, hlífar, hjálpartæki, líkamsbeitingu og öryggismál. Nemendur fá innsýn í að velja og skipta um helstu eggjárn.

Markmið að nemendur:

- Þekki mismunandi vélar og verkfæri sem og hlutverk þeirra
- Geti stillt vélarnar og geti valið og skipt um verkfæri eftir því sem við á
- Skilji og átti sig á hvernig vélin og verkfærið vinnur
- Viti hvernig á að viðhalda vélum og verkfræum
- Átti sig á mikilvægi hreinlætis við vélavinnu og umgengni kringum vélar
- Átti sig á mikilvægi öryggishlífa á vélum
- Átti sig á mikilvægi klæðnaðar við vélavinnslu
- Muni eftir staðsetningu fingranna við vélavinnslu
- Gæti öryggis við umgengni og notkun allra véla

Námsefni:

Véltrésmíði 1 eftir Bertil Helin og Tord Jeppsson. Vinnuleyfi á trésmíðavélar eftir Skjöld Björnsson.

Verkefnaskil:

- **Verkefni unnin í tengslum við TRÉH2HS15**
- Verkefni unnin að mestu leyti í kennslutímum
- Farið yfir bókina Vinnuleyfi á trésmíðavélar, skráningu, kvittanir og staðfestingu kennara

Námsmat:

- Námsmat byggist á verkefnaskilum, nákvæmni og ástundun í tímum 70%
- Hvernig bókina Vinnuleyfi á trésmíðavélar er unnin 30%

